

## **115. fundur skráningarráðs haldinn 19. október 2018 kl. 13-14:15 í húsakynnum Landskerfis bókasafna.**

**Fundarmenn:** Áslaug Þorfinnsdóttir, Helga Kristín Gunnarsdóttir, Rósa S. Jónsdóttir (formaður) og Þóra Sigurbjörnsdóttir (fundarritari).

Auk þess sat fundinn Sigrún Hauksdóttir þróunarstjóri Landskerfis bókasafna

**1. Fundargerð síðasta fundar** var yfirfarin og samþykkt.

**2. Undanþágubeiðni vegna skráningarnámskeiðs**

Undanþágubeiðni samþykkt þar sem viðkomandi er um það bil að ljúka MIS námi og hefur lokið tilskyldum námskeiðum.

**3. Upplýsingafræði, diplómanám við HÍ**

Fyrirspurnir höfðu borist um hvort nemendur í diplómanámi við HÍ mættu sækja skráningarnámskeið hjá Landskerfi bókasafna. Fundarmenn sammála um að ekki væri ástæða til að breyta kröfum sem gerðar eru til þeirra sem sækja námskeið að sinni.

**4. Staðan á nýju kerfi**

Sigrún sagði frá gangi mála. Tvö tilboð bárust í nýtt bókasafnskerfi og komu þau mjög svipað út. Staðan er þannig að á næstu dögum verður beðið um ný tilboð frá kerfisþjóðendum. Ákvörðun um nýtt kerfi verður tekin fyrir áramót.

Mikil vinna hefur farið fram í sambandi við víðtækar gagnabreytingar og ná þær til allra bókfræðigagna. M.a. er færslum fyrir rafrænt efni og prentefni skipt upp í tvær í þeim tilfellum þar sem um var að ræða eina færslu fyrir hvortveggja.

**5. Önnur mál**

- Minnt á landsfund Upplýsingar í Hörpu 25 og 26. október.